

## **60. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn miðvikudaginn 13. apríl 2016**

### **Fundargerð**

#### **Fundurinn haldinn í fundarsal á Egilsstöðum kl. 15:00-17:00.**

Mættir stjórnarmenn á staðnum: Gunnar Jónsson (GJ), Sveinn Jónsson (SJ), Sigrún Blöndal (SB), Gauti Jóhannesson (GJ), Karl Lauritzson (KL), Gauti Jóhannesson (GJ), Berglind Häsler (BH)

Mættir stjórnarmenn í síma: Sæunn Stefánsdóttir (SS)

Fjarverandi voru sem afboðuðu sig: Sigrún Birna Björnsdóttir (SBB),

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁP) sem ritaði fundargerð

#### **Dagskrá:**

1. Samþykkt síðustu fundargerðar (PDF)
2. Starfsháttanefnd (Formaður STHN Skúli Björn Gunnarsson)
  - a. Fundargerð Starfsháttanefndar (PDF)
  - b. Verklagsreglur Austurbrúar til samþykktar (PDF)
3. Ársfundur Austurbrúar 2016
  - a. Minniblað JÁP vegna fyrirkomulags fundar (PDF)
  - b. Bókun niðurstöðu stjórnar um breytt rekstrarform (drög í word)
  - c. Ársreikningur drög (PDF)
4. Nýr kjarasamningur SÍS við BHM (PDF) (Anna Alex, Tinna)
5. Samanburður fjárhagsáætlun vs. raun vegna vinnutíma og beins kostnaðar (PDF)
6. Önnur mál

Gunnar Jónsson setti fundinn og bauð alla velkomna á fundinn

## 1) Samþykkt síðustu fundargerðar

Fundargerð 59 staðfest og fundargerð 58 og 59 eru undirritaðar.

## 2) Starfsháttanefnd

### a. Fundargerð Starfsháttanefndar.

Skúli Björn Gunnarsson fór yfir fundargerð starfsháttanefndar og þau atriði sem stjórn þarf að hafa í huga í aðdraganda ársfundar. Rædd var aðkoma stjórnar að breytingu á skipulagsskrá m.t.t. umræðunnar í tengslum við stuðning og bakland stofnunarinnar til lengri tíma.

Stjórn leggur til að ákvæði um fagráð verð breytt á þann hátt að skipun þess verði valkvæð.

Stjórn Austurbrúar leggur til að breytt verði ákvæði sem fjallar um hagsmunaaðila á þann hátt að ákvæði um bráðabirgðauppgjör Austurbrúar verði fellt út sem og að fundur hagsmunaaðila verður í síðasta lagi sex vikum fyrir ársfund.

Stjórn vísar til starfsháttanefndar að skoða ákvæði um fjármálalega ábyrgð stjórnar.

### b. Verklagsreglur Austurbrúar samþykktar

Stjórn Austurbrúar samþykkir verklagsreglur með þeim breytingum sem hlýst af ofangreindum atriðum.

## 3) Ársfundur Austurbrúar 2016

### a. Minniblað JÁÞ vegna fyrirkomulags fundar

Stjórn samþykkir að ársfundur verði á Djúpavogi. Aukastjórnarfundur verður haldinn 25. apríl kl. 15:00 á síma.

Stjórnarfundur þann 11. maí kl. 12:00 og hefst fundurinn á hádegisverði.

### b. Bókun niðurstöðu stjórnar um breytt rekstrarform

Eftir yfirferð með endurskoðanda félagsins sem og lögmanni þess telur stjórn að ekki séu forsendur né aðstæður til breytinga á rekstrarfyrirkomulagi Austurbrúar ses.

c. Ársreikningur drög

JÁÐ fór yfir drög að ársreikningi. Lokaeintak af ársreikningi mun liggja fyrir á næsta stjórnarfundum.

**4) Nýr kjarasamningur SÍS við BHM**

Anna Alexanders kom inn á stjórnarfund og fór yfir áhrif nýs kjarasamnings.

**5) Samanburður fjárhagsáætlun vs. raun vegna vinnutíma og beins kostnaðar**

Framlagt

**6) Önnur mál**

Fleira ekki tekið fyrir.  
Fundum slitið kl. 17:00

---

Gunnar Jónsson

---

Sigrún Blöndal

---

Sveinn Jónsson

---

Gauti Jóhannsson

---

Sæunn Stefánsdóttir

---

Karl Lauritzson

---

Berglind Häsler